



DEILISKIPULAG HAFNARSVÆÐA SUNNAN GLERÁR

BREYTING: Þjónustuhús við Oddeyrarbyggju




Gildandi skipulag, samþ. í bæjarstjórn 5. febrúar 2008



Breytt skipulag

Mkv.: 1:2.000



Gildandi aðalskipulag, mkv. 1:10.000

- Skipulagsmörk
- 19.3 Svæðamörk, lóðamörk, svæðanúmer
- Lóðamörk innan svæða
- Lóðamörk sem falla úr gildi
- Byggingarreitur
- Hafnarbakkar, umferðarsvæði, þjónustusvæði
- V Lóðir og athafnasvæði í umsjá hafnarstjórnar
- V/M/S ... Lóðir, hafnsækin starfsemi
- Z Veitumannvirki, svæði og/eða byggingarreitur
- G Gatnakerfi
- O Opið svæði
- Landfylling
- Gangstígur
- Inn- útakstur
- Kvöð um umferðarrétt
- Kvöð um lagnir í jörð
- Núverandi byggingar
- Hús sem heimilt er að fjarlægja
- H 4,5 Starfsemi Mesta vegg hæð langhlíða
15° 0,3 Hámarksþakhalli Nýtingarhlutfall
- Lóðir:
 - B Hafnarbakkar, umferðar- og þjónustusvæði
 - V Vöruhöfn, vörugeymslur og flutningastarfsemi
 - M Matvælaíðnaður
 - S Skipasmíðar og tengd starfsemi
 - H Önnur hafnsækin starfsemi
 - I Íðnaður
 - Þ Hafnarþjónusta
 - Z Veitumannvirki
 - O Útivistarsvæði, óbyggð svæði

Bæjarstjórn Akureyrar leggur til að deiliskipulagi hafnarsvæða sunnan Glerár verði breytt vegna áforma um byggingu þjónustuhúss fyrir farþegaskip á Oddeyrartanga.

Megintilgangur með breytingu á deiliskipulaginu er að bæta aðstöðu fyrir skemmtiferða-skip og farþega þeirra. Markvisst hefur verið unnið að bættri hafnaraðstöðu undanfarin ár og er þjónustuhús með móttökuaðstöðu nauðsynlegur þáttur ferðaþjónustu á svæðinu.

1. BREYTING Á SKIPULAGSUPPDRAETTI

Nýtt svæði fyrir hafnarþjónustu 19.28: Afmarkað er um 260 m² svæði vestan Odd-eyrarskála fyrir þjónustuhús. Byggingarreitur og skilmálar eru sýndir á skipulags-uppdraetti. Nýtingarhlutfall lóðar er sýnt á skipulagsuppdraetti (0,6).

Hafnarbakkar, umferðarsvæði og þjónustusvæði 19.2: Minni háttar breyting á afmörkun svæðisins á vesturmörkum vegna nýs svæðis 19.28.

Opið svæði 19.1: Austurmörkum svæðisins breytt lítillega vegna nýs svæðis 19.28.

2. BREYTINGAR Á GREINARGERÐ

Breytingar á flatarmáli svæða 19.1 og 19.2 eru innan skekkjumarka (flatarmál mælt í hektörum) og hafa ekki áhrif á skráðar upplýsingar um svæðin. Einungis er gerð breyting á kafla 3.5.

Kafla 3.5 Hafnarþjónusta

Gildandi skipulag: (Tafla á eingöngu við svæði 19.17, ekki birt hér):

Á svæðinu er þjónustu- og skrifstofuhús hafnarstjórnar, þ.e. Hafnasamlags Norðurlands ásamt þjónustusvæði, þar á meðal vog.

Breytt skipulag:

Tvö svæði eru fyrir hafnarþjónustu. Á öðru þeirra er þjónustu- og skrifstofuhús hafnar-stjórnar, þ.e. Hafnasamlags Norðurlands ásamt þjónustusvæði, þar á meðal vog, en á hinu er gert ráð fyrir nýrri þjónustumiðstöð og móttökuhúsi vegna farþegaskipa, sem leggjast að Oddeyrarbyggju.

Ný lína í töflu:

Nr.	Stærð	Starfsemi	Skipulagsákvæði
19.28	0,03	Þjónustuhús vegna farþegaskipa.	Skv. skipulagsuppdraetti.

3. ÁHRIFAMAT

Hafnir, sem skip stærri en 1.350 tonn geta siglt um, eru tilgreindar í 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum (106/2000) og fellur skipulag Akureyrarhafnar því undir ákvæði laga um umhverfismat áætlana (105/2006). Skipulagsbreytingin felur hvorki í sér grund-vallarbreytingar á skipulagi svæðisins né teljandi áhrif á umhverfið.

Breytingin felur í sér minni háttar breytingu á afmörkun hafnarsvæðis (2.11.19 H) í aðalskipulagi Akureyrar 2005-2018. Breytingin hefur ekki áhrif á aðrar skipulagsáætlanir eða landsáætlanir. Breytingin stangast ekki á við umhverfisverndarmarkmið stjórnvalda. Enginn munur er á umhverfisáhrifum „núllkosta“ og breytinga. Áhrif á umhverfið felast í sýnileika þeirrar byggingar, sem heimilt verður að byggja á svæðinu. Fyrirhugaður rekstur getur haft jákvæði áhrif á nýtingu aðliggjandi opins svæðis (19.1) og aukið aðdráttarafl þess bæði gagnvart almenningi og ferðaþjónustu.

Ekki er talin ástæða til þess að viðhafa sérstakar mótvægisáðgerðir eða vöktun vegna fyrirhugaðra framkvæmda.

SAMÞYKKT

Deiliskipulagsbreyting þessi hefur hlotið málsmeðferð skv. 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr 73/1997 og var auglýst skv. 1. mgr. 25. gr. sömu laga

frá _____ til _____
var samþykkt í bæjarstjórn Akureyrar

bæjarstjórinn á Akureyri

Auglýsing um samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar birtist í
B-deild Stjórnartíðinda

Dags. 16. apríl 2009



AKUREYRARBÆR
SKIPULAGSDEILD

TEIKNISTOFA
ARKITEKTA

GYLFI GUÐJÓNSSON
OG FÉLAGAR ehf.
arkitektar fal

KAUFANGI VINFYRRARVEG 3 SKÓLAVÖRUBEITG 3
600 AKUREYRI 101 REYKJAVÍK
SÍMI 481 8508 SÍMI 552 8740
NETTANGI: am@teknistofa.is VEFANGI: www.teknistofa.is